

Fundargerð stjórnarfundar

Staður: Grenimelur 44
Tími: 26. febrúar 2009. Kl 20.00 - 22.20
Viðstaddir:

Hannes Siggason (HS) formaður
Frá Heiðarbraut: Sigrún María Kristinsdóttir (SMK)
Frá Keldudal: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)
Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)
Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE);
Forföll boðaði: Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)
Frá Gilbraut Einar Kristjánsson (EK)

Gestur fundarins: Magnús Jóhannesson (MJ), Króki

Boðuð dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar lesin upp og borin upp til samþykktar (Umsj. EK)
- 2) Fjárhagsstaða félagsins (Umsj. KK)
- 3) Heimasíða félagsins (Umsj. ERS)
- 4) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)
- 5) Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda (Umsj. HE)
- 6) Hagsmunamál landnema gagnvart SR (Umsj. HE). Varanlegir varnargarðar vegna vatnsfalla – Viðhald varnargarða;
 - Varanlegir vegslóðar að öllum lóðum landnema – Viðhald vegslóða;
 - Varanlegar fjárheldar girðingar umhverfis Fellsmörkina.
- 7) Hagsmunamál landnema gagnvart sveitarfélaginu eða öðrum en SR (Umsj. KK). Stærri og/eða fleiri sorpgáma í Fellsmörk. Rafmagn í Fellsmörk
- 8) Uppfærsla á félagatali landnemafélagsins (Umsj. EK og ERS)
*****Kaffihlé*****
- 9) Fræðslumál félagsmanna. Upplýsingar til félagsmanna (Umsj. SMK)
- 10) Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk (Umsj. HS)
- 11) Stefnumótun Félags landnema á Fellsmörk (Umsj. GSÓ)
- 12) Nýjir leigusamningar við SR. Fréttir af starfi vinnuhóps (Umsj. MH; GSÓ; HS)
- 13) Önnur mál (Allir)

1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Frestað vegna fjarveru fundarritara (EK).

2. Fjárhagsstaða félagsins.

Lagðir fram reikningar og reikningsári 2008 lokað.

Eign félagsins ca 140 þús eftir greiðslu reikninga. Lögð fram tilkynning frá Skattinum um skattskil félagsins.

3. Heimasíða félagsins.

Frestað vegna fjarveru ERS.

4 Fréttir af stjórnarstörfum SR.

HE komst ekki á síðasta stjórnarfund SR.

Fræddi fundarmenn um uppgreiðslu láns sem tekið var af hálfu SR. til bjargar klúðri því er þeir höfðu komið sér í vegna Álfagrófar á árum áður.

5 Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi

Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda.

HE ræddi við Bjarna Jón Finnsson hjá Vegagerðinni í dag. Fréttir af varnargarðsmálum þær helstar að farið verður í útboð á styrkingu varnargarða á Fellsmörk í mars. Vinna á við að styrkja garða við Klifanda, vestan við Fell og upp með veginum þar sem áin braut sig í gegn í haust. Þá á að styrkja garðinn austan við Litla-Höfða við Hafursána.

6) Hagsmunamál landnema gagnvart SR (Umsj. HE).

Umræður um vegarslóða, rætt um að bíða til vorsins og sjá til hvernig mál þróast með vatnsföll. Þá þarf að koma málum í betri farveg með samskipti SR. Sigurjóns og FLÁF. Ófært að við séum að láta Sigurjón vinna fyrir okkur og svo séu greiðslur í einhverju uppnámi eftir það.

7) a): KK hefur haft samband við sveitarstjórn um sorpgámamál Fellsmerkur. Helst rætt um að fá stærri gám eða annan austur undir Álfagróf.

KK heldur málinu gangandi.

7) b): Rafmagnsmál eru í athugun hjá Hjörleifi Ólafssyni fræddi GSÓ okkur um. Þ.e. hvort lágmarksfjöldi bústaða þurfi til þess að RARIK ráðist í að leggja háspennulögn að viðkomandi svæði.

8) Uppfærsla á félagatali landnemafélagsins (Umsj. EK og ERS).

Á fræðslufundi félagsins var gerður þátttakendalisti, var fólk beðið að uppfæra netföng. Listanum komið til ritara til yfirferðar.

9) Fræðslumál félagsmanna. Upplýsingar til félagsmanna (Umsj. SMK).

Góður rómur gerður að fundi þeim sem haldin var síðast liðin þriðjudag. Mættu 18 manns á fundinn. Þar fræddi Helgi Áss Grétarsson sérfræðingur hjá Lagastofnun HÍ okkur um lög um “Frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.” Margt þar sem skýrði stöðu okkar gagnvart SR og landbúnaðarráðuneytinu. Nýtist okkur í uppkasti því að leigusamningi þeim sem nú er í vinnslu hjá okkur. Fundarmenn sammála að halda slíkan fræðslufund að hausti. SMK. stakk upp á að fengin einhver fyrirlesari sem fræddi okkur um berjarunna og annað sem okkur gæti nýst til matar.

10) Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk (Umsj. HS).

HS með umsókn um trjáplöntur í vinnslu vegna landgræðsluskógaverkefnisins næsta sumar. Mun HS senda umsókn innan skamms.

Stefnt að halda plöntudag 20 júní.

11) Stefnuþótun Félags landnema á Fellsmörk (Umsj. GSÓ).

Tillaga um að fresta allri umræðu um stefnuþótun fram á haust samþykkt.

12) Nýjir leigusamningar við SR. Fréttir af starfi vinnuhóps (Umsj. MH; GSÓ; HS).

Farið yfir uppkast af samningi okkar og SR. HS leiddi yfirferðina.

Rætt um 1gr. Þar sem þar kom helst fram var að spurning er um landnúmer (stofnskjöl). Hvenær landnúmer yrði til því það þarf að vera til staðar er samningur er gerður. Teljum að það verði til á sveitarstjórnarstigi, þegar stofnskjöl verður til.

Rætt um 4gr. Sem fjallar um forkaupsrétt. Við höfum ekki þennan rétt og spurning hvort þessi grein eigi að vera inni í samningnum.

Rætt um 10 gr. Allt sem þar er inni, fellur undir Frístundalögin umræddu. Fjarlægja greinina.

Rætt um 11gr. Framleiga og framsal, ekki allveg ljóst hvernig við tryggjum okkar hag best þar. Þurfum að breyta orðalagi.

Rætt um þinglýsingar, veðsetningar og skipulag. Ekki ljóst hvort við ættum að hafa það inni í samningnum. GSÓ mun kanna hvernig þessum málum væri best fyrirkomid hjá okkur.

Rætt um að senda fljótlega inn tillögu til SR. Ákveðið að draga formann SR (Þröst) frekar inn í málið.

HS gengur í að keyra málið áfram og rætt um að HS og HE fari á fund Þrastar með uppkastið þegar það er tilbúið.

13. Önnur mál.

Rætt um fyrirkomulag funda. Fundarmenn sammála að stytta mætti fundi með því að hafa ekki sérstakt kaffihlé. Kaffið má drekka meðan á fundi stendur og benti HS á að fyrirkomulag um slíkt sé alfarið í umsjá viðkomandi gestgjafa.

Fundi slitið um kl. 22.20.

Fundargerðina ritaði Hjalti Elíasson.

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: